

Reykjavík, 11. október 2012

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (breyt. ýmissa laga)**

Frumvarp því sem næst samhljóða þessu var lagt fram á Alþingi síðastliðið vor (653. mál). SFF ítreka umsögn, dags. 24. apríl s.l. við það frumvarp. Hér er því að nýju gerð athugasemd við 5. gr. frumvarpsins en með henni er lögð til breyting á framkvæmd við skattlagningu söluhagnaðar hlutabréfa í eigu erlendra aðila (aðila með takmarkaða skattskyldu). Verði ákvæðið að lögum verða fjármálafyrirtæki skyld til að halda eftir staðgreiðslu af söluhagnaði hlutabréfa í eigu erlendra aðila en það hefur ekki verið gert fram að þessu. SFF eru mótfallin þessari lagabreytingu.

Ef fjármálafyrirækjum verður gert skylt að halda eftir staðgreiðslu söluhagnaðar hlutabréfa þá þarf að hafa í huga að sjaldnast liggja fyrir hjá þeim upplýsingar um réttan söluhagnað sem skattur er greiddur af, þar sem fjármálafyrirtækin hafa sjaldnast upplýsingar um kaupverð hlutabréfanna og geta þau því ekki reiknað út réttan skattskyldan söluhagnað. Þetta kallar á beiðni um leiðréttingar til skattyfirvalda með tilheyrandi vinnu fyrir skattyfirvöld og óánægju viðskiptavina.

Innleiðing á staðgreiðslu af söluhagnaði hlutabréfa í eigu erlendra aðila kallar á tímafreka og kostnaðarsama forritun vegna breytinga á tölvukerfum fjármálafyrirtækja. Ef löggjafinn lögfestir ákvæðið er útilokað að fjármálafyrirtæki geti unnið á grundvelli ákvæðisins taki það gildi strax í byrjun næsta árs. Verði ákvæðið að lögum þarf að fresta gildistöku þess til haustins 2013, til að veita fjármálafyrirtækjum ráðrúm til að breyta kerfum og innleiða nýja verkferla.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir, hdl.